

Tillaga til ályktunar

– Dómarar í 2. flokki –

Greinar 19.2. og 19.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á greinum 19.2. og 19.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í greinum 19.2. og 19.3.:

19.2. KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- ~~A og B deild~~ 2. flokki ~~s~~ karla og kvenna
- bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.

19.3. Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í ~~A og B deild~~ 2. flokki ~~s~~ karla og kvenna]
- bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum],
- keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- ~~Íslandsmóti og~~ bikarkeppni 2. flokks,
- keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

Greinargerð

Lagt er til að KSÍ leggi fram dómaratrío á leiki í Íslandsmóti í 2. aldursflokki. Mikilvægt er hafa dómaratrío sem er hlutlaust, svo iðkendur/leikmenn þekki ekki dómarana. Meira er farið að vera í húfi í keppni hjá 2. aldursflokki, en félög er farin að berjast um að vinna sér þátttökurétt í Evrópukeppni. Keppnin er orðin stærri sýningargluggi og vel er fylgst með ungum leikmönnum í dag.